



Fundargerð

Stjórnarfundur Pyts

Haldinn 5. ágúst 2020 með fjarfundarhugbúnaðinum zoom og hófst 21:00

Fundinn sátu: Árni Árkelsson (ÁÁ), Hulda Stefanía Hólm (HH), Jón Kristinn Þórssón (JK), Jóhannes Bergþór Þórarinnsson (JP), Markús Pétursson (MP), Sigurður Ragnar Guðmundsson (SG), Ríkarður Ólafsson (RÓ)

Fundarritari: HH

Dagskrá

1. Fundargerðir síðustu funda bornar fram til samþykktar.

Fundargerðir samþykktar eftir að óvissu um ábyrgðaraðila nokkurra verka voru til lykta leiddar.

2. Vinnuskólinn og sumarnámskeiðin

Á síðasta námskeiðsdegi vinnuskólans kom MP að tveimur starfsmönnum Vinnuskólans og gerir alvarlegar athugasemmdir varðandi verklag og meðferð á eignum klúbbsins. Vinnuskólinn hefur haldið fund með foreldrum þessara starfsmanna.

MP hefur áhyggjur af agaleysi/virðingarleysi starfsmanna Vinnuskólans gagnvart búnaði og húsnæði klúbbsins. Hann telur yfirmenn Vinnuskólans ekki nógu hæfa til að stýra svona mörgum starfsmönnum Vinnuskólans og telur lítinn aldursmun hluta vandans. Undirbúa þarf yfirmenn betur áður en námskeið hefjast. Fara þarf yfir hvað teljist eðlileg umgegni og hvað sé ætlast til af þeim.

MP stingur upp á fundi með Vinnuskóla og bænum. Þetta er samþykkt og fellur að verkefnum námskeiðsnefndar sem skipuð var á síðasta fundi. (MP og HH)

3. COVID-19

HH áminnur MP að meirihluti stjórnar ráði í öllum málum, Almannaþingurinn er yfirvald sem hlusta þurfi á. Ef óánægja með kröfur frá ÍSÍ og Almannaþingunum bærir á sér verður að beita SÍL í þeirri baráttu. MP minnur á samskiptaleysi formanns SÍL og minnur á að þeir meðlimir Pyts sitja í stjórn SÍL. Samþykkt er að taka þetta upp á næsta stjórnarfundum SÍL. Þangað til sýnum við ábyrgð í verki og hlýðum. HH setur inn yfirlýsingu á Facebook.

4. Ábendingarformin

Engar ábendingar bárust.

5. Vetrarsamstarf við Brokey og Ými

Fundur á morgun. (MP)

6. Æfingar fyrir 10 til 18 ára í vetur

MP gefur skýrslu. Brokey verður ekki með, starfið var þannig í fyrra að þeir fluttu allt starf yfir í Ými. Ýmismenn eru jákvæðir að taka upp samræðu í haust. MP og Tara Markúsardóttir taka þetta. Þrjár æfingar fram í miðjan okt. Þá tvær æfingar, inniæfing á miðvikudegi og silgt



Fundargerð

Stjórnarfundur Pyts

á laugardegi. Hópurinn telur fimm til sex krakka. Tvær stelpur hafa sýnt áhuga, 14 og 16 ára. Telja má þetta sem góðan árangur eftir starfið í sumar.

7. Æfingar fyrir 8 til 10 ára aldurshópinn

Gísla H. Friðgeirsson og Pétur Markússon ætla rólega af stað, hittast á morgun til að ræða hugmyndir.

8. Peningastaðan, fjölskyldugjaldið, rafmagnið og geymslugjöld

Innheimta þarf geymslugjöld fyrir kænur, kayaka og fyrir rafmagnsnotkun. MP tekur reglulega stöðu á mælum. Jóhannes Bertelsson tók saman í fyrra lista yfir eigendur kayaka, JK tekur það að sér. Verður komið á hreint fyrir næsta stjórnarfund.

9. Samningar við þjálfara

HH sýndi samningana. Athugasemd vegna tímabils hjá RÓ. Hann er að fara í skólann og mikla vinnu. RÓ stingur upp á 10. ágúst sem lokadagsetningu. Hann á eftir að senda einn reikning. Samningur við TM samþykktur og verður endurskoðaður í október.

10. Ráðstöfun fjármuna frá bænum

MP, ÓA og HH verða að hittast og ræða þetta áður en farið verður til fundar við Hafnarfjarðarbæ. Margar hugmyndir um að nýta þennan pening til eflingar á starfi klúbbsins þar sem framkvæmdarstjórn er unnin í sjálfböðavinnu eins og mál snúa núna.

11. Viðhald og bætur á klúbbhúsi

Til er verkefnalisti yfir það sem þarf að bæta og halda við. Fyrir 15. september þarf að uppfæra hann og skila til bæjarins. (MP og ÁÁ)

12. Pulsa á skemmda gæslubátinn

MP hefur leitað tilboða í viðgerð á pulsu.

Vanguard gefur verð um 320 þús skv gengi dagsins plús 50 þús flutningur, án vsk.

Breskt fyrirtæki sérhæfir sig í lagfæringum á pulsum 400 þús skv gengi dagsins plús flutningur, án vsk.

Óskar í Röfnum bauðst til að aðstoða við að setja hana á bátinn. MP leggur til að taka boði breska fyrirtækisins og að hann verði lagfærður fyrir 500-600 þús. Taka verður umræðuna við Viking og Sjóvá. Verkefnið verður í vetur.

13. Önnur mál

Kostnaður við lokamót á Akureyri, RÓ ræðir það. 260 þús er áætlaður sem hæsti mögulegi kostnaður. Reiknað eru með fjórum bílum með kerru fyrir báta og húsnæði fyrir átta manns. Ræða þarf betur við Nökkva um bátakost og hvaða lánsbátar standa til boða. Halda þarf fund með foreldrum til að undirbúa og skipuleggja betur. Samþykkt er að kostnaður fari ekki yfir 260 þús.

Formenn Pyts og SÍL. Verkefnastaða og verkefnaskipting. ÓA bað um umræðu um hvað yrði ef formaður tæku sér mánaðarpásu eða myndu veikjast. HH stingur upp á að vinna stjórnar í vetur verður að koma fleirum stjórnarmeðlimum inn í verkefni klúbbsins, t.d. sumarstarf og



Fundargerð

Stjórnarfundur Pyts

námskeið. Þunginn hefur legið á MP og ÁÁ vegna 6.bekkjá kynninganna og sumarnámskeiðin hafa alfarið verið á höndum MP. Stjórn samþykkir að koma verði fleirum að borði þar.

Rætt er um umgengni um blautbúninga félagsmanna. Ómerktir gallar eru leyfilegir til útláns en ekki merktir. Fylgjast verður betur með umgengni á opnum húsum.

ÁÁ stingur upp á kaupum á gúmmímottum í rampinn, kostnaður sirka 200 þús. Þetta á eftir að spara mikið í viðhaldskostnaði báta og minnka tjón á bátsbotnum. Stjórn samþykkir kaup. ÁÁ sér um að kaupa tilteknar mottur.

MP er að taka saman kostn. vegna bátasmíðar og ætlar að leggja fyrir næsta stjórnarfund. Niðurstaða úr fundi með ÍTH mikilvæg í þessu tilfalli.

Næsti stjórnarfundur boðaður 20. ágúst klukkan 21:00

Fundi slitið klukkan 22:22